

Mál nr. 215/2014
M
og V v/ starfsábyrgðartryggingar bifreiðasalans B.

Skaðabótaábyrgð bifreiðasala vegna bifreiðaviðskipta haustið 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. júlí 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M fól bifreiðasalanum B að selja bifreið sína með skráningarnúmerinu X á haustmánuðum 2010. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um kaupsamning og afsal dags. 21. desember 2010 þar sem kaupverð er ákveðið 175.000 krónur. Þar kemur einnig fram að kaupverð greiðist með 20.000 króna greiðslu strax, 100.000 krónum þann 1. janúar 2011 og 55.000 króna greiðslu þann 1. febrúar 2011. Einnig kemur fram í skjalinu að tryggingavíxill liggi hjá G þessu til staðfestingar og ef greiðsla verði ekki innt af hendi fyrir 4. janúar 2011 skuli kaupandi skila bílnum. M fékk einungis 20.000 krónur greiddar af kaupverð bifreiðarinnar, kaupandi skilaði ekki bílnum eins og kveðið var um í samningi þar sem búið var að afsala honum til þriðja aðila á þeim tímapunkti og þegar átti að innheimta tryggingavíxil kom í ljós að hann var ekki rétt útfylltur og gat M ekki gengið að útgefanda eða ábekingum víxilsins.

M telur að B hafi sem bifreiðasali átt að tryggja að staðið væri rétt að tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs og að B hafi brotið gegn skyldum sínum skv. lögum nr. 28/1998 um verslunarátvinnu með því að sjá ekki til þess að eignaréttarfyrrvari í samningnum hafi verið framkvæmanlegur sem og að tryggingavíxillinn hafi verið rétt útfylltur. Einnig telur M að B hafi hvatt hann til umræddra viðskipta og verði að bera ábyrgð á tjóni hans þess vegna.

V telur ósannað að B hafi hvatt til viðskiptanna með þeim hætti sem M ber. Einnig telur V að viðskiptaskilmálar milli M og kaupanda bifreiðar hans hafi alfarið verið ákveðnir af M sjálfum og B hafi varað M við notkun tryggingavíxils þar sem slík viðskiptabréf væru sjaldnast notuð lengur. V telur einnig ósannað að orsakatengsl séu milli aðkomu B sem bifreiðasala og tjóns M þar sem áhætta af viðskiptum M við kaupanda bifreiðarinnar sé hans sjálfs og þó víxileyðublaðið hefði verið rétt útfyllt sé ósannað að hann hefði fengið kaupverðið greitt.

Álit.

Ágreiningur er um skaðabótaábyrgð bifreiðasalans B á tjóni sem M telur sig hafa orðið fyrir þegar hann fékk ekki greiddar 155.000 krónur af kaupverð bifreiðar sem hann fól B að selja. Í málinu liggur fyrir að meirihluta kaupverðs átti kaupandi að greiða eftir að eigandaskipti áttu sér stað á bifreiðinni. Til tryggingar þeirri greiðslu átti síðan að vera tryggingavíxill sem ekki var rétt fylltur út við kaupin. Þetta allt styður að greiðsluskilmálar voru óvenjulegir við umrædd bifreiðaviðskipti. Óháð því hver var leiðandi í að semja um viðskipti sem þessi er ljóst að í l.mgr. 15.gr. laga nr. 28/1998 kemur fram að bifreiðasali skuli í hvítetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í ljósi þessara skyldna B sem bifreiðasala verður að líta svo að að þegar B gerði samning fyrir M og kaupanda bifreiðarinnar, sem fólu í sér fyrrgreinda skilmála með tryggingavíxli og eignaréttarákvæði þrátt fyrir eigendaskipti, bar honum að tryggja sér sönnun um að M hafi verið ljós áhættan af slíkum viðskiptum. Þessi niðurstaða byggir á því að nefndin telur sýnt að umræddir skilmálar hafi verið óvenjulegir. B hefur ekki tekist sönnun á ofangreindu. Verður því að telja að

hann hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. fyrrnefndu lagaákvæði og telst því bera skaðabótaábyrgð á tjóni M. Hvað varðar sönnun tjóns verður að telja leggja til grundvallar að þegar af þeirri ástæðu að tryggingavíxill var ekki fylltur rétt út hafi M orðið fyrir tjóni en ekki er sannað með óyggjandi hætti eða gögnum að M hefði ekki getað gengið að útgefanda hans eða ábekingum skv. viðskiptabréfareglum. M á því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasalans B hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.